

Föstudaginn 25. mars 1994.

Nr. 134/1994.

Protabú Skrifstofuvéla hf.

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

Ægi V. Ármannssyni

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Kærumál. Skuldaröð. Vextir. Gjaldþrotalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. með kæru 8. mars 1994, sem barst réttinum 17. sama mánaðar. Hann krefst þess, að „áföllnum vöxtum eftir upphafsdag skipta þann 4.7.1990 af kröfu sóknaraðila í héraði skuli skipa með eftirstæðum kröfum eftir reglum 114. gr. 1. 21/1991“. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Eins og rakið er í úrskurði héraðsdóms, höfðaði varnaraðili mál gegn Skrifstofuvélum hf. tæpum mánuði fyrir töku bús félagsins til gjaldþrotaskipta til heimtu launa vegna uppsagnar úr starfi. Sóknaraðili tók við rekstri málsins og ákvað að halda uppi vörnum. Varnaraðili byggir á því, að með þessari ákvörðun hafi sóknaraðili í raun samið svo um, að krafa varnaraðila um dráttarvexti af dæmdri kröfu eftir upphafsdag skipta 4. júlí 1990 skyldi njóta forgangs á grundvelli 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991. Hann telur, að önnur niðurstaða fæli í sér mismunun milli sín og þeirra kröfuhafa, sem áttu óumdeildar launakröfur í bú sóknaraðila og fengu þær greiddar skömmu eftir gjaldþrot.

Á það verður ekki fallist, að ákvörðun sóknaraðila um varnir í dómsmáli jafngildi samningi skiptastjóra við varnaraðila með þeim réttaráhrifum, sem leidd verða af 3. tl. 110. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Þá verður ekki heldur talið, að þessi ákvörðun hafi bakað

varnaraðila tjón í skilningi ákvæðisins. Það felur í sér undantekningu frá hinum almennu lagareglum um skuldaröð við skipti þrotabúa og verður að skýra það þröngt. Það er hins vegar meginregla, að jafnræði skuli ríkja með lánardrottnum eftir upphaf skipta, og á það ekki síður við um þá kröfuhafa, sem sækja rétt sinn á hendur þrotabúi með málsókn. Samkvæmt skýlausu ákvæði 1. tl. 114. gr. laga nr. 21/1991 verða þeir eins og aðrir að sæta því, að þeir vextir, sem til hafa fallið eftir töku bús til gjaldþrotaskipta, standi að baki öllum öðrum kröfum samkvæmt 109. – 113. gr. laganna. Það hagar ekki þessari niðurstöðu, að launþegar með viðurkenndar launakröfur fá þær greiddar tiltölulega skjótt, sbr. nú lög nr. 53/1993 um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á kröfu sóknaraðila og dæma honum málskostnað í héraði og kærúmálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Krafa varnaraðila, Ægis V. Ármannssonar, um dráttarvexti samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur 24. október 1991 í málinu nr. 10063/1990 eftir 4. júlí 1990 til greiðsludags er viðurkennd sem eftirstæð krafa í þrotabú Skrifstofuvéla hf.

Varnaraðili skal greiða sóknaraðila, þrotabúi Skrifstofuvéla hf., 80.000 krónur í málskostnað í héraði og kærúmálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. febrúar 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 4. febrúar, var þingfest þann 10. desember 1993 til úrlausnar um ágreining um viðurkenningu lýstra krafna Ægis V. Ármannssonar, Benedikts R. Lövdahl og Kristjáns P. Ingvarssonar í þrotabúið.

Í þinghaldi þann 10. desember sl., er málið var þingfest, var ákveðið að aðeins einn af sóknaraðilum, Ægir V. Ármannsson, ræki málið þar sem málin eru öll samkynja og að niðurstaða varðandi það mál yrði bindandi varðandi mál hinna tveggja.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að kröfur hans á hendur varnaraðila skv. dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 10063/1990 um greiðslu dráttarvaxta eftir upphafsdag skipta hinn 4. júlí 1990 verði viðurkenndar sem forgangskröfur skv. 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. við

úthlutun úr búí varnaraðila. Jafnframt krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Varnaraðili gerir þær kröfur að öllum kröfum sóknaraðila verði hrundið og að þrotabúinu verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Málsatvik.

I.

Málsatvik eru þau, að sóknaraðili höfðaði mál á hendur Skrifstofuvélum GJJ hf. með stefnu, birtri þann 8. júní 1990, vegna ólögmætrar uppsagnar úr starfi. Bú hlutafélagsins var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum þann 4. júlí 1990, og var kröfum sóknaraðila lýst í búíð. Skiptastjóri hafnaði kröfunum og vísaði til þess að mál vegna ágreinings milli sóknaraðila og Skrifstofuvéla GJJ hf. væri rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og tók varnaraðili við rekstri þess máls. Í dómi, sem kveðinn var upp um ágreiningsefnið í bæjarþingi Reykjavíkur þann 24. október 1991, segir í dómsorði að: „Stefndi, þrotabú Skrifstofuvéla GJJ hf., greiði stefnanda, Ægi V. Ármannssyni, kr. 319.589,- með dráttarvöxtum frá 1. febrúar 1990 til greiðsludags og kr. 125.000,00 í málskostnað að viðbættum dráttarvöxtum frá 8. nóvember 1991 til greiðsludags.“ Sóknaraðili sendi skiptastjóra útreikning dómsins, þar sem vextir voru reiknaðir til 01.11. 1991, 31. október 1991. Þeim útreikningi var hafnað af skiptastjóra og jafnframt var lögmanni sóknaraðila tilkynnt að ef haldið yrði fast við þessar kröfur yrði málinu áfrýjað. Lögmaður sóknaraðila sendi skiptastjóra fleiri bréf með nýjum vaxtaútreikningi þar sem vextir voru reiknaðir til greiðsludags. Skiptastjóri féll þó frá því að áfrýja dóminum og hinn 27. apríl 1993 greiddi skiptastjóri höfuðstól skuldarinnar ásamt vöxtum, þ.e. kr. 37.684,-, til upphafs dags skipta hinn 4. júlí 1990 auk málskostnaðar án vaxta og vsk.

Halldór Birgisson hdl., aðstoðarmaður skiptastjóra, gaf skýrslu fyrir réttinum.

II.

Sóknaraðili kveður ágreining málsaðila lúta að því, hvort varnaraðila sé skylt að greiða dráttarvexti eftir upphafsdag skipta hinn 4. júlí 1990 skv. dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 10063/1990, en það mál hafi verið höfðað til innheimtu vangreiddra launa vegna ólögmætrar uppsagnar, áður en bú varnaraðila hafi verið tekið til skiptamedferðar sem gjaldþrota. Kröfum sóknaraðila í bú varnaraðila hafi verið hafnað af skiptastjóra og ákvörðun tekin um það að halda uppi vörnum í málinu af hálfu búins. Hefði þessi ákvörðun skiptastjóra ekki komið til, hefði sóknaraðili fengið launakröfur sínar greiddar ásamt öðrum launþegum sem hafi fengið launakröfur sínar

greiddar strax um sumarið 1990. Dómur hafi fallið sóknaraðila í hag, og kveði hann skýrt á um greiðsluskyldu varnaraðila, þ.á m. greiðslu dráttarvaxta til greiðsludags. M.ö.o. hafi sóknaraðili mátt líta svo á að með ákvörðun sinni um að halda uppi vörnum í málinu hafi skiptastjóri í raun samið svo um f.h. varnaraðila að kröfur sóknaraðila um dráttarvexti eftir upphafsdag skipta skyldu njóta forgangs við úthlutun úr búi varnaraðila á grundvelli 3. tl. 110. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Með því móti væri verið að tryggja það, að allir launþegar, sem hafi átt inni ógreidd laun við töku bús varnaraðila til gjaldþrotaskipta, sætu við sama borð og nýtu jafnræðis. Verði ekki á þá málsástæðu fallist að kröfur sóknaraðila skuli njóta forgangs við úthlutun úr búi varnaraðila á grundvelli 3. tl. 110. gr. vegna ákvörðunar skiptastjóra um að halda uppi vörnum í málinu skv. framan-sögðu, þá byggir sóknaraðili á því að kröfur sóknaraðila njóti forgangs á grundvelli sömu greinar vegna tjóns, sem búið hafi bakað sóknaraðila.

Með ákvörðun varnaraðila um að halda uppi vörnum hafi sóknaraðili orðið fyrir tjóni/vaxtatapi vegna þess dráttar sem orðið hafi á því að hann fengi launakröfur sínar greiddar. Til þess að bæta sóknaraðila tjón hans beri varnaraðila að bæta sóknaraðila vaxtatap hans, svo sem dómur bæjarþings kveði skýrt á um, með því að greiða vexti til greiðsludags.

III.

Varnaraðili kveður að þegar bú Skrifstofuvéla hf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta þann 4. júlí 1990 hafi skiptastjóra verið gert viðvart um málaferli, sem hafist höfðu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og þá hefðu forráðamenn hins gjaldþrota félags þá þegar tekið saman varnargögn og málið verið að mestu tilbúið af þeirra hálfu. Hafi því í ljósi þessa og aðallega með tilliti til efnisatriða málsins þótt rétt að taka til varna af hálfu þrotabúsins. Kröfur þrotabúsins hafi verið sýkna, en til vara lækkun krafna.

Protabúið hafi tapað málinu og hafi komið til alvarlegrar íhugunar að áfrýja öllum málunum til Hæstaréttar. Þrátt fyrir það hafi verið ákveðið að áfrýja ekki og hafi það sjónarmið verið látið ráða að tefja ekki fyrirhuguð skiptalok. Fljótlega eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafi lögmaður sóknaraðila gert kröfur í samræmi við niðurstöðu dómsins og að vextir yrðu greiddir til greiðsludags. Þeirri kröfu hafnaði skiptastjóri með vísan til 86. gr. laga nr. 6/1987 (nú 114. gr. laga nr. 21/1991). Jafnframt hafi lögmanni sóknaraðila verið tilkynnt að ef haldið yrði fast við þessar kröfur yrði málinu áfrýjað. Niðurstaðan af deilum þeirra hafi síðar orðið á þá leið að skiptastjóri taldi hafa komist á samkomulag um að vextir greiddust til upphafsdags skipta og þrotabúið félli frá öllum hugleiðingum um áfrýjun dómsins.

Samkomulag þetta hafi ekki verið skriflegt, en viðstaddur símtal skiptastjóra og lögmanns sóknaraðila hafi verið Halldór Birgisson hdl.

Varnaraðili bendir á til stuðnings kröfum sínum að þrátt fyrir orðalag dómsorðs í bæjarþingsmálinu geti sóknaraðili ekki fengið betri rétt en leiða megi af 114. gr. laga nr. 21/1991. Hann bendir á, að við gjaldþrot sé iðulega lýst kröfum eftir dómum, þar sem dómsorð séu að niðurstöðu á þá leið að vextir skyldu greiddast til greiðsludags. Aldrei hafi það orðið til þess að ágreiningur hafi risið um að kröfum sé skipt upp með tilliti til upphafs dags skipta á þann hátt að áfallnir vextir þann dag skuli teljast almenn eða eftir atvikum forgangskrafa, en vextir eftir upphafsdag skipta eftirstæð krafa. Í þessu tilviki eigi það ekki að skipta sköpum, þó að búið taki til varna og haldi fram í þeim málum eðlilegum málsástæðum og málaferlin réttlæt看leg á allan hátt, þó svo að niðurstaðan hefði orðið búinu í óhag. Einnig sé á það bent að lögmaður sóknaraðila lýsi kröfum f.h. umbj. sinna með tilliti til lagareglna og reikni vexti til upphafs dags skipta.

Þá byggir varnaraðili á þeirri fullyrðingu að skiptastjóri og lögmaður sóknaraðila hafi orðið ásáttir um að skilja bæri dómsorðið á þann hátt að vexti skyldi einungis greiða til upphafs dags skipta og ekki yrði um áfrýjun dómsins að ræða af hálfu þrotabúsins og þræta vegna vaxta félli niður. Þá sé það málsástæða af hálfu varnaraðila að hann telji að sóknaraðila séu aðrar leiðir færar ef hann telji umbjóðendur sína hafa orðið fyrir vaxtatapi vegna þessa máls. Sé hér átt við 1. mgr. 5. gr. laga nr. 53/1993, sem séu samsvarendi ákvæðum eldri laga um sama efni, en sóknaraðili hafi ekki gert kröfu til ábyrgðarsjóðs launa þrátt fyrir tilkynningu skiptastjóra til sjóðsins. Varnaraðili mótmælir sjónarmiðum sóknaraðila vegna 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991, enda sé ekki um skaðabótaskyldu að ræða þó að farin hafi verið sú leið að fá úrlausn dómara um fullkomlega eðlilegan ágreining og sjónarmið varnaraðila í dómsmáli hafi ekki náð fram að ganga og hann tapað málinu.

Niðurstaða.

Hinn efnislegi ágreiningur í máli þessu snýr að því hvort krafa sóknaraðila til dráttarvaxta eftir upphafsdag skipta til greiðsludags njóti forgangs sem krafa skv. 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 eða hvort um sé að ræða eftirstæða kröfu skv. 114. gr. sömu laga, en samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp kveðinn var 24. október 1991, var kveðið á um greiðslu dráttarvaxta af ofangreindri kröfu frá 1. febrúar 1990 til greiðsludags.

Í 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 er kveðið á um rétthæð krafna sem orðið hafa til á hendur þrotabúinu eftir uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um töku búsins til gjaldþrotaskipta, með samningum skiptastjóra eða vegna tjóns sem búið bakar öðrum.

Eins og fram kemur í málinu, tók skiptastjóri þá ákvörðun, skömmu eftir að bú Skrifstofuvéla hf. var tekið til gjaldþrotaskipta, að taka til varna í máli því sem sóknaraðili hafði þá þegar höfðað á hendur fyrirtækinu vegna vangoldinna launa. Í ljósi þess var kröfufýsingu hans um greiðslu launa hafnað af skiptastjóra og vísað til „bæjarþingsmálsins“ sem í gangi var.

Af orðalagi 3. tl. 110. gr. gþl. má ráða að ákvæðið taki til samninga, sem skiptastjóri geri eftir uppkvaðningu úrskurðar, eða tjóns sem búið baki öðrum. Þótt ekki hafi verið um samning skiptastjóra að ræða í þessu tilviki, verður að líta til þess að sú ákvörðun, sem skiptastjóri tók um að halda uppi vörnum í málinu, eftir að búið var tekið til gjaldþrotaskipta, hlaut að leiða til þess að þrotabúið yrði skuldbundið til þess að una þeirri niðurstöðu sem dómur kæmist að, eða áfrýja dómnum ella. Það var ekki gert og hefur varnaraðili vísað til þess að sú ákvörðun að áfrýja ekki dómi undirréttar hafi verið liður í smkomulagi milli sóknaraðila og varnaraðila á þá lund að sóknaraðila yrðu einungis greiddir dráttarvextir til upphafs dags skipta, gegn því að dómi undirréttar yrði ekki áfrýjað.

Ekkert hefur komið fram í gögnum málsins sem rennir stoðum undir þetta samkomulag, og ekki er unnt að byggja sönnun fyrir tilvist þessa samkomulags á framburði aðstoðarmanns skiptastjóra fyrir réttinum. Verður því fullyrðing skiptastjóra um tilvist þessa samkomulags að teljast ósönnuð.

Með hliðsjón af ofangreindu ber því að fallast á að kröfur sóknaraðila á hendur varnaraðila skv. dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 10063/1990 um greiðslu dráttarvaxta eftir upphafsdag skipta hinn 4. júlí 1990 verði viðurkenndar sem forgangskröfur skv. 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt þessari niðurstöðu greiði varnaraðili sóknaraðila kr. 40.000,- í málskostnað.

Ingveldur Einaradóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfur sóknaraðila, Ægis V. Ármannssonar, á hendur varnaraðila, þb. Skrifstofuvéla hf., skv. dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 10063/1990 um greiðslu dráttarvaxta eftir upphafsdag skipta þann 4. júlí 1990 eru viðurkenndar sem forgangskröfur skv. 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991.

Varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 40.000,00 í málskostnað.